



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Ártúnsskóla

Starf skólastjóra Ártúnsskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 9. nóvember 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 26. nóvember 2019. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. janúar 2020.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Ártúnsskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskóla og /eða grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða og leiða framsækið samþætt skóla- og frístundastarf.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggi yfir leiðtogahæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skilufu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Fimm sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Ellen Gísladóttir, Elísa Ösp Valgeirsdóttir, Sesselja Guðrún Guðjónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sigurður Þ. Sigurþórsson.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tók gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 19. desember 2019 gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum var niðurstaðan að Ellen Gísladóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Ártúnsskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Ellen Gísladóttur skólastjóra við Ártúnsskóla frá 1. janúar 2020.

Ellen lauk B.Ed prófi í frá Kennaraháskóla Íslands árið 1995 og meistaranámi frá Háskóla Íslands 2018 í stjórnun menntastofnana. Hún hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri í níu ár, sem deildarstjóri í tvö ár og sem umsjónarkennari í tólf ár.